



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2013

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (kennitölulflakk).**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra lagði fram á Alþingi 12. mars sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (kennitölulflakk). Frumvarpið er unnið upp úr greinargerð starfshóps atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis sem birtist á vef ráðuneytisins 19. febrúar sl. Það vakti furðu að Samtök atvinnulífsins áttu ekki fulltrúa í starfshópnum sem skipaður var fulltrúum ASÍ, Viðskiptaráðs Íslands, Fjármálaeftirlitsins, hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands, embættis sérstaks saksóknara auk ráðuneytisins.

Samtök atvinnulífsins mótmæla því harðlega að fyrrnefnt frumvarp verði afgreitt í flýti á síðustu dögum þingsins án þess að hagsmunasamtök þeirra sem við þetta eiga að búa fái að koma að málum.

Samtökin sendu ráðuneytinu athugasemdir við greinargerðina, dags. 21. febrúar sl., þar sem gerðar voru athugasemdir við einstök efnisatriði varðandi breytingar á ákvæðum um kynjakvóta og lagt til að málið fengi mun víðtækari skoðun og sjálfstæða umfjöllun þeirra aðila sem við þetta eiga að búa. Jafnframt gengu samtökin út frá því að aðgerðir vegna kennitölulflakks og skattsvika yrðu ræddar samhliða vinnu á vegum fjármálaráðuneytisins um bætt skil á vörslusköttum og tekjuskráningu, sem SA, ASÍ og embætti ríkisskattstjóra eiga aðild að. Þessi mál öll þarf að skoða í heild eigi tilætlaður árangur um bætt skil á ársreikningum, vörslusköttum og tekjuskráningu að nást. Samtök atvinnulífsins lýsa sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins